

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 100/1000*  
*komudagur 24.2.2004*



Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8 – 10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 23. febrúar 2004

**Efni: Umsögn um frumvarp til áfengislaga, 163. mál, aldursmark, og frumvarp til laga um gjald af áfengi og tóbaki, framlag til Forvarnasjóðs, 164. mál.**

**Frumvarp til áfengislaga, 163. mál, aldursmark.**

Í ljósi þeirra breytinga sem átt hafa sér stað í samfélaginu, varðandi réttindi og skyldur ungs fólks, er breyting sú sem hér er lögð til, um lækkun á áfengiskaupaaldri úr 20 ára í 18 ára á léttu víni og bjór ekki óeðlileg. Einstaklingar eru nú lög- og sjálfráða 18 ára, er heimilt að stofna til hjúskapar og þar af leiðandi að taka á sig þá miklu ábyrgð að eignast og ala upp börn. Kosningaréttur miðast við 18 ára aldur sem einnig felur í sér mikla ábyrgð.

Lýðheilsustöð telur hinsvegar rétt að benda á nokkur mikilvæg atriði þessu máli tengdu:

1. Í Heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er fyrsta forgangsverkefnið tengt áfengi-, vímuefna- og tóbaksvörnum. Þessi breyting, nái hún fram að ganga, gengur þvert á þau markmið að draga úr áfengisneyslu og þá ekki síst meðal yngri kynslóðarinnar. Jafnframt er rétt að benda á yfirlýsingu alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) frá 2001 um ungt fólk og áfengi þar sem lögð er áhersla á vímuefnalaust umhverfi barna og ungmenna.
2. Lýðheilsustöð leggur áherslu á mikilvægi viðbóta við 3. gr umrædds frumvarps um að Dómsmálaráðherra skipi nefnd sem hafi það verkefni að kanna reynsluna af lækkun aldursmarka í 18 ár.
3. Lýðheilsustöð leggur áherslu á að ekki verði farið í breytingar á áfengislöggjöfnni sem auka aðgengi að áfengi. Þannig verði ekki afnuminn einkaréttur ÁTVR á sölu á áfengi á reynslutíma.
4. Lýðheilsustöð telur nauðsynlegt að ef frumvarp þetta verði að lögum, verði 20. gr. áfengislaga nr. 75/1998 um áfengisauklýsingar gerð skýrari. Þannig að tryggt sé að framleiðendur, innflytjendur og seljendur áfengis geti ekki leynt og/eða ljóst beint áróðri sínum að þessum viðkvæma hópi. Aldurshópurinn 18-20 ára gæti orðið mikilvægur markhópur fyrir söluaðila sem nýttu sér

lækkun áfengiskaupaaldurs til að auka enn frekar áróður sem beinist gegn þessum aldurshópi. Gosblandaðir drykkir (alcopops) er áfengi sem er framleitt og markaðsett fyrir ungt fólk. Oft eru þessir drykkir sem og bjór tengdir jákvæðum upplifunum og aðstæðum við markaðssetningu og þarf að setja skýr lög sem banna slíka markaðssetningu.


5. Lýðheilsustöð leggur áherslu á að henni sé gert kleift að sinna enn öflugra forvarnarstarfi með því m.a. að auka fræðslu um skaðsemi áfengis. Einnig er mikilvægt að byggt verði upp traust og öflugt stuðningskerfi til varnar ofneyslu áfengis og neikvæðum afleiðingum þess.

### **Frumvarp til laga um gjald af áfengi og tóbaki, framlag til Forvarnasjóðs.**

Lýðheilsustöð fagnar lagabreytingu sem kveður á um aukið fjármagn til Forvarnasjóðs. Reynslan hefur sýnt að um allt land hefur sjóðurinn stuðlað að góðu forvarnarstarfi. Fjöldi umsókna um styrki sýnir skýrt þá miklu þörf sem er á viðbótarfé til málaflokksins.

Nýstofnuð Lýðheilsustöð, í samráði við áfengis- og vímuvarnarráð, markar sér stefnu í forvörnum á sviði áfengis- og vímuvarna. Hefur stöðin bæði haft frumkvæði að, og komið að fjölda verkefna í samvinnu við marga aðila um land allt. Ljóst er að aukið fjármagn til Forvarnasjóðs yrði mikil lyftistöng fyrir það starf.

Virðingarfyllst,

  
\_\_\_\_\_  
Anna Elisabet Ólafsdóttir  
forstjóri Lýðheilsustöðvar